



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 7. janúar, 2008

Ákvörðun nr. 2/2008

Kaup Sparisjóðs Keflavíkur á Sparisjóð Vestfirðinga

1.

Með samrunaskrá dags. 10. desember 2007 tilkynnti Sparisjóður Keflavíkur Samkeppniseftirlitinu um kaup sín á Sparisjóði Vestfirðinga. Bréfinu fylgdi samrunaskrá sem þar sem framsetning var í samræmi við reglur nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga er það mat Samkeppniseftirlitsins að kaup Sparisjóðs Keflavíkur á Sparisjóði Vestfirðinga feli í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru metin uppfyllt.

2.

Sparisjóður Keflavíkur og Sparisjóður Vestfirðinga eru sparisjóðir í skilningi VIII. kafla laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Rekur Sparisjóður Keflavíkur afgreiðslur víða á Reykjanesi en umsvif Sparisjóðs Vestfirðinga eru að meginstefnu til á Vestfjörðum þar sem sparisjóðurinn rekur nokkrar afgreiðslur.

3.

Fram kemur í samrunaskrá að stjórnir samrunaaðila hafi hugað að því undanfarin misseri hvernig styrkja megi sjóðina til þess að gera þá hæfari að sinna viðskiptavinum sínum en smæð sjóðanna hefur gert þeim erfiðara um vik að veita stærri lán og nauðsynlega alhliða fjármálaþjónustu. Í samrunanum felst að hinum yfirtekna sparisjóði mun verða reikningslega lokið og að allar afgreiðslur muni verða reknar af Sparisjóði Keflavíkur.

4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaðurinn sé opinn eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á



þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Starfsemi Sparisjóðs Keflavíkur og umsvif eru að meginstefnu til á Reykjanesi en sparisjóðurinn hefur m.a. rekið afgreiðslur í Keflavík og Njarðvík en Sparisjóður Vestfirðinga rekur meðal annars afgreiðslur í Ísafjarðarbæ. Á Reykjanesi reka þrír stórir viðskiptabankar afgreiðslur. Þá reka tveir þessara sömu viðskiptabanka jafnframt afgreiðslur á Ísafirði. Þegar horft er til sterkrar samkeppnisstöðu þessara keppinauta samrunaaðila, sem lýsir sér meðal annars í umtalsverðum efnahagslegum styrkleika og breiðu vöruúrvali, og aðstæðna að öðru leyti, telur Samkeppniseftirlitið ekki að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist þannig að samkeppni sé hindruð í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupum Sparisjóðs Keflavíkur á öllu stofnfé í Sparisjóði Vestfirðinga felst samruni í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa samruna.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

